

Reykjavík, 10. febrúar 2020
0.12

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagata 4
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um Orkusjóð.

Vísað er til draga að frumvarpi til laga um Orkusjóð, sbr. mál 15/2020 í samráðsgátt stjórnarráðsins. Eftirfarandi eru athugasemdir Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélaga hennar, Orku náttúrunnar ohf. og Veitna ohf. Þar sem eftirleiðis er vísað til OR er því verið að vísa til þessara þriggja aðila og afstöðu þeirra.

OR fagnar framkomnu frumvarpi um Orkusjóð og telur mikilvægt að sjóðnum sé ætlað það hlutverk að styðja við brýn orkutengd verkefni og að þau geti verið breytileg frá einum tíma til annars. Þá telur OR það einnig afar mikilvægt að sjóðurinn sé ávallt vel fjármagnaður til að takast á við þessi mikilvægu verkefni.

Virðingarfyllst,



Íris Lind Sæmundsdóttir
lögmaður